

Hr. Sigurður Þórðarson,
 ríkisendurskoðandi,
 Skúlagötu 57,
 105 Reykjavík.

Reykjavík, 1. mars 2006.

Að ósk þinni hef ég athugað hvort unnt sé að fullyrða, með hliðsjón af upplýsingum í reikningsskilum þýska bankans Hauck & Aufhäuser fyrir árið 2003, að hann hafi ekki fjárfest í Eglu hf. Svar mitt fylgir hér á eftir.

Í reikningsskilum Eglu hf. fyrir árið 2003 kemur fram, að innborgað hlutfé nemur alls 5.037 milljónum kr. og þar af er hlutfé að nafnverði um 14 millj. kr. Samkvæmt því hafa bréfin að jafnaði verið seld á genginu 348. Hluttur þýska bankans mun hafa verið um 50% af þessu fé og því hefur framlag hans numið alls um 2.519 milljónum kr. Sú fjárhæð samsvarar um 28 milljónum evra miðað við gengi í lok ársins 2003.

Í reikningsskilum þýska bankans fyrir árið 2003 kemur fram í efnahagsreikningi, að hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum (shares and other variable-yield securities) hafi numið 167 milljónum evra í samstæðureikningi félagsins, en 137 milljónum evra í móðurfélagsreikningi. Eins og flokkun eigna er háttað í reikningsskilum bankans, verður að telja líklegast að fjárfesting hans sé meðtalin í þessum eignalið, hafi á annað borð verið til hennar stofnað. Með vísan til ofangreinds er því ljóst að fjárfesting bankans í Eglu hf. rúmast vel innan tilgreindra fjárhæða.

Í reikningsskilum bankans kemur fram, að hann skrái fjárfestingu í verðbréfum á kostnaðarverði eða miðað við regluna um kostnaðarverð eða markaðsverð, hvort sem lægra reynist. Þær reglur eru til samræmis við ákvæði 4. tilskipunar ESB um skráningu langtíma- og skammtímafjárfestingar í verðbréfum. Bankanum ber því ekki skylda til þess að skrá verðbréfin á markaðsverði, ef það er hærra en kostnaðarverð. Þess í stað kæmi ávinningur af eignarhaldi fram við sölu bréfanna og fyrr birtast ekki áhrif viðskiptanna í rekstrarreikningi bankans.

Hafi bankinn átt það hlutfall heildarhlutafjár í Eglu hf. sem að ofan greinir, má líta svo að að Eglu sé hlutdeildarfélag bankans og því kæmi til álita að skrá hlutinn í bókum bankans samkvæmt svonefndri hlutdeildaraðferð. Þá er hins vegar á tvennt að líta. Í fyrsta lagi liggur fyrir að eignarhaldið átti ekki að vera langvarandi og af þeim sökum er síður ástæða til þess en ella að beita þeirri reglu, enda á hún við þegar til langtímareignarhalds er stofnað. Enn fremur má benda á, að líklegt verður að telja að sama heimildarákvæðið gildi að þýskum lögum og þeim íslensku að þessu leyti um það, þ.e. að heimilt sé að beita aðferðinni en ekki skylt. Þetta helgast af því að hvor tveggja lögin eru byggð á 4. tilskipun ESB þar sem slík heimild er veitt. Sérreglur kunna þó að gilda um þýskar fjármálastofnanir en ósennilegt er að þær séu á svíg við meginreglur 4. tilskipunarinnar að þessu leyti.

Í reikningsskilum Eglu hf. fyrir árið 2004 kemur fram, að fyrirtækið hafi keypt eigin hlutabréf fyrir um 4,2 milljarða kr. og nafnverð þar af hafi numið 4,7 milljónum kr. sem svarar til þess að bréfin hafi verið innleyst að jafnaði á genginu 890. Hafi þýski bankinn keypt í Eglu hf. á árinu 2003 eða fyrir, þá gæti hann hafa selt hlut sinn í þessum viðskiptum að hluta til. Þá þykir rétt að taka fram, að sé því þannig farið að bankinn hafi selt hluta af fjárfestingu sinni í Eglu hf. á árinu 2004, eru tekjuliðir í reikningi bankans sem rúma vel þann söluágóða, sem hann kann að hafa haft af þeirri sölu.

Niðurstaða mín af ofangreindu er sú, að ekki sé unnt að fullyrða að bankinn hafi ekki fjárfest í Eglu hf. á árinu 2003. Hið gagnstæða á raunar einnig við, þ.e. þess sjást ekki merki með beinum hætti að bankinn hafi fjárfest í fyrirtækinu. Tekið skal fram, að ekki er skylda í reikningsskilum banka að sundurgreina fjárfestingu í hlutabréfum eða öðrum verðbréfum og því var bankinn í fullum rétti að veita ekki frekari upplýsingar um fjárfestingu sína í verðbréfum en gert er. Að lokum þykir rétt að taka fram, að hér að framan var vísað til reglna, sem giltu á árunum 2003 og 2004, en ekki til reglna sem síðar hafa verið settar um skráningu fjárfestingar í verðbréfum.

Með virðingu,

Stefán Svavarsson,
löggiltur endurskoðandi og dósent við Háskólann í Reykjavík.